

Sp.

50. Tillaga til þingsályktunar

um skipun nefndar til að athuga ráðstafanir út af yfirvofandi kreppu og striði.

Frá Einari Olgeirssyni, Brynjólfi Bjarnasyni og Ísleifi Högnasyni.

Sameinað Alþingi ályktar, að kosin skuli 5 manna nefnd, og eigi hver þingflokkur einn fulltrúa í henni. Verkefni nefndarinnar sé að athuga, í samráði við ríkisstjórnina, í höfuðatriðum, hvaða ráðstafanir sé hægt að gera nú og á næstunni af hendi hins opinbera til að mæta þeirri nýju kreppu, sem er að hefjast, og til að tryggja afkomu þjóðarinnar, ef nýtt heimsstrið skyldi brjótast út. Leggi nefndin álit sitt fyrir þingið áður en fjárlög verði afgreidd.

Nefndin vinni kauplaust.

Greinargerð.

Það dylst engum, sem fylgist með í atvinnuþróuninni erlendis og innanlands, að ný heimskreppa er að hefjast, og fyrir alþýðu manna, sem enn lifur undir hinum geigvænlegu áhrifum síðustu heimskreppu á afkomu Íslendinga, er því sjálf-sagt, að þegar verði hafizt handa til að gera þær ráðstafanir, sem færar þykja til að draga úr áhrifum kreppunnar. Sama máli gegnir um útlitið nú fyrir heimsstyrjöld, enda vitanlegt, að Norðurlandþjóðirnar eru þegar farnar að athuga, á hvern hátt þær verði bezt við afleiðingum styrjaldar þúnar.

Við álitum því nauðsynlegt, að þetta Alþingi athugi nú þegar, áður en síðasta hönd er lögð á fjárlög fyrir árið 1939, hvað helzt sé hægt að gera og að hve miklu leyti sé hægt að ná samkomulagi allra þingflokka í þessu nauðsynjamáli. — Nánar í framsögu.